

Minnisblað, framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fyrir kjörtímabilið 2018-2022.

Lagt fyrir fjölskylduráð 27. júní 2019.

Í 1. mgr. 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 með síðari breytingum segir:

„Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send velferðarráðherra og Barnaverndarstofu. „

Fjölskylduráð skipaði starfshóp til að vinna að framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fyrir kjörtímabilið 2018-2022 og átti hópurinn að skila af sér skýrslu í byrjun júní 2019. Vegna ófyrirséðra aðstæðna var beðið um frest fram í byrjun september 2019.

Starfshópin skipa þrjú kjörnir fulltrúar, Jóhanna Erla Guðjónsdóttir, Dagbjört Rún Guðmundsdóttir og Kristjana Jónsdóttir, ásamt þremur starfmönnum bæjarins, Hauki Haraldssyni sálfræðingi Fjölskylduþjónustu, Helenu Unnarsdóttur deildarstjóra barnaverndar og Hrund Apríl Guðmundsdóttur aðstoðarmanni sviðsstjóra Fræðslu og frístundarþjónustu.

Í vinnu hópsins var lögð til grundvallar skýrsla sem unnin var fyrir kjörtímabilið 2014-2018. Var því fyrsta verk hópsins að fara yfir stöðuna á þeim verkefnum sem þar voru tíunduð, hver framvinda hefði verið og hvað betur mætti fara.

Til að fá betri yfirsýn yfir stöðu í málaflokknum í dag hefur hópurinn hefur kallað til sín ýmsa sérfræðinga sem tengjast málefnum barna bænum. Geir Bjarnason íþróttar og tólmstundafultrúi ræddi málefni forvarna og tólmstunda, Birgi Örn Guðjónsson lögreglumaður, sem ræddi forvarnir og hlutverk lögreglu, Hulda Björk Finnsdóttir verkefnastjóri Brúarinnar kom og upplýsti okkur um verkefnið Brúin ásamt því sem John Bond Grétarsson verkefnastjóri ungmennahússins upplýsti hópinn um starfsemi ungmennahúss.

Tillögur um þau verkefni sem hópurinn vil leggja áherslu eru ljósar en verið er að leggja lokahönd á skýrslu sem verður skilað í byrjun september 2019.

Hafnarfjörður 27. Júní 2019

Haukur Haraldsson, sálfræðingur Fjölskylduþjónustu.